



Umsagnir / athugasemdir, sem bárust í samráðsgátt.

Alls bárust 18 umsagnir, þar af fjórar með efnislegum athugasemdum, en að öðru leyti lutu athugasemdirnar einungis að því hvort viðkomandi væri með eða móti þeim breytingum sem í reglugerðinni felast.

Efnislegar umsagnir bárust frá fjórum aðilum:

- a) Geir ehf. Þórshöfn, Jónas Jóhannsson, lagði til að opna svæði í Bakkaflóa, Skarfatangi-Digranes, á því svæði er bara skarkoli og engin ástæða til að hafa það lokað.
Ekki fallist á þessa tillögu. Verði farið í að endurskoða lokunarsvæðin er hyggilegra að gera það heildstætt.
- b) Sveitarfélagið Skagafjörður, Sigfús Ingi Sigfússon, ítrekuð eru fyrri mótmæli byggðarráðs við ákvörðun ráðherra um afléttingu friðunar á hluta Skagafjarðar fyrir dregnum veiðarfærum og þess krafist að tekið verði tillit til þeirra.
Ekki fallist á þessa tillögu. Verði farið í að endurskoða lokunarsvæðin er hyggilegra að gera það heildstætt.
- c) Drangey-smábátafélag Skagafjarðar, Magnús Jónsson, að afnumin verði nú þegar breyting sem gerð var haustið 2017 á reglugerð um dragnótaveiðar á Skagafirði og firðinum aftur lokað innan línu frá Ásnefi í vestri í Þórðarhöfða í austri. Innan þessa svæðis eru víða staðbundin hrygningarsvæði þorsks.
Ekki fallist á þessa tillögu. Verði farið í að endurskoða lokunarsvæðin er hyggilegra að gera það heildstætt.
- d) LS (Axel Helgason og Örn Pálsson)
 - I. Greinargerð frá 11. okt. 2017, þar sem verið er að andmæla opnum svæða til veiða með dragnót í Húnaflóa og Skagafirði.
Ekki fallist á þessa tillögu. Verði farið í að endurskoða lokunarsvæðin er hyggilegra að gera það heildstætt.
 - II. Aths. LS um skort á lagastoð fyrir reglugerðarheimild til veiða með dragnót innan 12 mílna.
Ekki fallist á sjónarmið LS. LS lítur einungis til 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelli Íslands. LS lítur framhjá ákvæði 6. gr. sömu laga, þar sem segir: „Þrátt fyrir 5. gr. er heimilt að leyfa veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu.“

Umsagnir án efnislegra tillagna.

Með breytingum sem felast í reglugerðinni (s.s. afnám svæðaskiptingar):

- Útgerð Hásteins ÁR 8 (1751), Stokkseyri.
- Nesfiskur ehf. Garði.
- Hafnarnes VER hf. Þorlákshöfn.
- SFS (Kristján Þórarinnsson).

Móti breytingum sem felast í reglugerðinni (s.s. afnám svæðaskiptingar):

- Geir ehf. Þórshöfn.
- Ís 47 ehf. Ísafirði.
- Sólberg ehf. Ísafirði.
- Snurvoð ehf. Bolungarvík.
- Vík ehf. útgerð, Skagaströnd.
- ST 2 ehf. Drangnesi.
- BBH útgerð ehf. Hvammstanga.
- Stefán Egilsson, Þingeyri.
- Sigurbjörn ehf. Grímsey.
- Sandabrún ehf. Rifi.



- Esjar ehf. Rifi.
- Landssamband smábátaeigenda.

Reglugerðin var undirrituð 21. október og send óbreytt í stjórnartíðindi til birtingar.